

Vöktunarverkefnið Jöklasýn (EISI)

Hrafnhildur Hannesdóttir

Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9, 108 Reykjavík;

hh@vedur.is; <https://doi.org/10.33799/jokull2023.73.099o>

Á síðasta ári hófst samstarf Jökklarannsóknafélags Íslands um myndræna jökla-vöktun við James Balog, bandarískan ljósmyndara, sem rak verkefnið Extreme Ice Survey (EIS, <http://extremeicesurvey.org/about-eis/>) til margra ára út um allan heim. Hér á landi setti hann upp myndavélar við Sólheimajökul og Svínafellsjökul, og voru þær reknar í rúman áratug en teknar niður vorið 2022. Á árinu 2023 hefur verið unnið því að velja ákveðna staði og sjónarhorn til þess að halda áfram að skrásetja breytingar á jöklum með þátttöku almennings og vísindafólks, m.a. þar sem EIS myndavélar voru staðsettar. Úr varð framhaldsverkefnið Extreme Ice Survey Iceland (EISI). Markmið verkefnisins er að safna ljósmyndum í aðgengilegan gagnabanka um breytingar á íslenskum jöklum næstu 100 árin og miðla þeim upplýsingum til almennings. Hugmyndafræðin er að gögn verkefnisins skapi sjónræna arfleifið til framtíðar og eru viðbót við hefðbundnar sporðamælingar félagsins.

Verkefnið er tvíþætt, settar verða upp sérsníðaðar sjónskífur með símatatífi, sem passar fyrir mismunandi gerðir síma, á fjölförnum aðgengilegum stöðum með góðu útsýni yfir jökulinn (sjá myndir á bls. 100). Einnig verða settir upp einfaldir sérsníðaðir þrífætur sem hægt er að festa myndavél á og taka ljósmynd frá sama sjónarhorni á nokkrum stöðum. Efnt verður til samstarfs við leiðsögumenn, landverði, ljósmyndara og fleiri til þess að taka myndir frá þessum stöðum sem ekki eru í alfaraleið. Hannaðar voru tvær sjónskífur og Málmsteypan Hella tók að sér að smíða og útfæra sjónskífurnar, en þær eru steypar í brons. Sérstök sjónskífa er smíðuð fyrir hvern stað og og á henni er einfalt kort af svæðinu með útlínunum viðkomandi jökuls á mismunandi tímum. Stefnt er að uppsetningu á þessum tveim sjónskífum við Skaftafellsjökul og Skálafellsjökul á vormánuðum 2024 í sam-

starfi við Vatnajökulsþjóðgarð og landeigendur. Samhliða sjónskífunum verða sett upp skilti fyrir ferðalanga með upplýsingum um viðkomandi jökul og verkefnið sjálft með vísun í heimasíðu verkefnisins (<https://eisi.jorfi.is>).

Notast verður við einfaldan þrífót fyrir myndavél á ljósmyndatökustöðunum eða skilgreind GPS-staðsetningarhnit. Útbúinn verður leiðbeiningabæklingur með gönguleiðinni að tilteknum ljósmyndastað, sögulegri ljósmynd og GPS staðsetningu, auk fleiri atriða sem ætlað er að auðvelda þátttöku. Til viðbótar er gert ráð fyrir drónamyndatökum á þeim stöðum þar sem ekki fæst góð sýn yfir jökulinn.

Búið er að setja upp þrífætur í Káraskeri í Breiðamerkurjökli, við Kvíárjökul og Sólheimajökul (sjá myndir á bls. 54 og 98). Við leit að áhugaverðum stöðum til uppsetningar á þrífótum, til að mynda á jökulskerjum, var horft til þess að velja staði þar sem GPS-tæki og jarðskjálftamælar Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnunar eru staðsettir, til þess að nýta þá innviði og jafnframt reglulegar heimsóknir á þessa staði. Einnig er fyrirhugað að setja upp myndavélaþrífætur í nágrenni við skála félagsins á Grímsfjalli, Esjufjöllum, Kverkfjöllum og í Fjallkirkju.

Stefnt er að því að á næstu árum verði reistar 4–6 sjónskífur og nokkrir tugir ljósmyndastaða skilgreindir sem áhugasamir þátttakendur geta heimsótt og tekið þátt í að skrásetja breytingar á jöklunum. Þátttakendur munu senda myndirnar rafrænt í gegnum sérstaka gátt og verða þær hluti af mikilvægum opnum gagnabanka um jöklabreytingar. Hægt er að kynna sér verkefnið nánar af upptöku á erindi Kierans Baxters á vofundi Jökklarannsóknafélagsins 2023 (https://www.youtube.com/watch?v=rEdgBtI_5JI), en hann var ráðinn starfsmaður verkefnisins til þess að koma því á laggirnar.



1. mynd. Sjónskífur á verkstæði Málmsteyppunnar Helli. Skífurnar eru steypar úr bronzi og sýna næsta umhverfi, auk skýringartexta. Á hverri skífu er símafesting fyrir staðlaða myndatöku af sjónarhorninu. – View discs at Hella's metal casting workshop. The discs are cast from bronze and show a map of the surroundings of each location. Each disc has a phone mount allowing photographs to be taken from a standard angle. Mynd./Photo: Grétar Þorvaldsson, 17. október 2023.



2. mynd. Prófanir á sjónskífu við Skaftafellsjökul sumarið 2023. Útbúin var frumgerð af sjónskífu úr timbri til að prófa og þróa hönnunina áður en endanlegt form var steyp í kopar. – A wooden prototype view disc being field tested before the final version was cast. Mynd./Photo: Kieran Baxter.



Þrífótur EISI-001 á klöpp Káraskers í Breiðamerkurjökli, í baksýn Þverárdalsfjöll. – *Station EISI-001 at Kárasker in Breiðamerkurjökull, view towards Þverárdalsfjöll.* Mynd./Photo: Kieran Baxter, 31. maí 2023.



Panorama-mynd frá þrífætinum á Káraskeri, Hermannaskarð, Mávabyggðir, Esjufjöll og Veðurárdalsfjöll. *View north from EISI-001.* Mynd./Photo: Kieran Baxter, 31. maí 2023.